



44. Stúdentaráðsfundur

Fundur Stúdentaráðs

1. Mars 2016

Ölstofunni

Fundaritari: Logi Úlfarsson

Fundur settur: 19:09

Mættir: Helga Margrét Jóhannesdóttir, Logi Úlfarsson, Guðrún Þóra Hallgrímsdóttir, Vignir Fannar Víkingsson, Anna Sif Guðmundsdóttir, Hrafn Gunnar Hreiðarsson, Ketill Sigurður Jólsson, Sandra Kristinsdóttir og Sólveig María Árnadóttir.

Fjarverandi: Anna Borg Friðjónsdóttir

Dagskrá 43. fundar stúdentaráðs

1. Fjárhagsáætlun.
2. Lís fulltrúar.
3. Fulltrúar í nefndir og ráð.
4. Stúdentaráðsmyndataka.
5. Myndatökur á viðburðum.
6. Styrktarbeiðnir.
7. Önnur mál.





1. Fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun þessa árs lögð fram, tekið fram að íþróttagjöldin eru ekki lengur fyrir íþróttasalina heldur jóga og staka viðburði. Einnig talað um jólaballið, halda þeim lið inni en ákveða síðar hvað peningurinn fer í, hvort sem það er jólaball eða eitthvað annað fyrir nemendur, nefna þennan lið eitthvað annað. Áætlun samþykkt.

2. Lís fulltrúar.

Valdemar hættir og tekur Vigdís Diljá við embættinu til tveggja ára. Einnig situr Guðbjörn Olsen í Lís. Það vantar enn tvo varamenn. Fundarmeðlimir beðnir um að auglýsa þær stöður og einnig er í boði fyrir alla að fara á þing Lís 18-20 mars.

3. Fulltrúar í nefndir og ráð.

Hamra á því að enn vantar í ansi mörg ráð og stúdentaráðsmeðlimir beðnir um að kanna áhuga hjá sínum deildarfélögum.

4. Stúdentaráðsmyndataka.

Enn vantar myndir af stjórnarmeðlimum margra félaga. Auðunn tekur myndir af stúdentaráði 16:30, 8. mars.

5. Myndatökur á viðburðum.

Stungið upp á því að ráða ljósmyndara á stærri viðburði skólaársins. Sá aðili fengi greitt fyrir að mynda þá viðburði en endilega fá sjálfboðaliða einnig á þá viðburði sem ekki yrði greitt fyrir. Auglýsa á síðunum okkar fyrst eftir því hvort einhver sé til í að gera þetta frítt og þá bjóða einhverja umbun ef það gengur ekki. Einnig kom upp sú hugmynd að dreifa einnota myndavélunum og fá einstaklinga til að taka myndir á viðburðunum og skila þeim svo inn og stúdentaráð mynda safna þeim saman og fá þær á rafrænu formi og deila þeim svo.



6. Styrktarbeiðnir.

Helga Margrét formaður sagði frá styrktarbeiðni sinni til stúdentaráðs fyrir ferð á ráðstefnu í Júní og hún samþykkt. Auglýsa betur að það sé í boði fyrir alla að sækjast eftir styrkjum, benda á heimasíðuna, passa að þetta líti almennilega út utan frá, gjarnan setja inn fréttir frá þeim ferðum sem voru styrktar og segja öllum að hægt sé að sækja um, passa samt að ekki sé verið að auglýsa þetta sem fríann pening.

7. Önnur mál.

Vefsíðan, Logi ætlar að fara á fund með Kristjönu kynningarfulltrúa og gagnasmiðjunni og taka síðuna smám saman í gegn, í það minnsta virkari. Nefnt var að mögulega þyrfti að taka í gegn facebook síður félaganna. Gríðarlegur fjöldi meðlima á lokuðum síðum sem ekki eru lengur í námi. Helga ætlar að senda atburðadagatal.

Fundi slitið kl. 20:08



Undirskrift fundargesta

Helga Margrét Jóhannesdóttir
Formaður FSHA

Logi Úlfarsson
Varaformaður FSHA

Guðrún Þóra Hallgrímsdóttir
Fjármálastjóri FSHA

Sandra Kristinsdóttir
Formaður Eirar

Anna Sif Guðmundsdóttir
Formaður Kumpána

Anna Borg Friðjónsdóttir
Forseti Stafnbúa

Sólveig María Árnadóttir
Formaður Magister

Hrafn Gunnar Hreiðarsson
Formaður Þemis

Ketill Sigurður Jóelsson
Formaður Reka